

Stjórnarfundur FOKS haldinn í Síðuskóla, 01. júní 2011.

Mættir voru: Sigrún Ingibjörg Jóhannsdóttir, Hugrún Jónsdóttir, Bára Waag Rúnarsdóttir, og Bragi Finnbogason.

Sigrún sagði að skipulag varðandi foreldrafulltrúa og hvenær við ætluðum að hittast eftir sumarfrí væru aðal málin.

Hugrún var langt komin með að senda póst á tilvonandi foreldrafulltrúa.

Foreldrafulltrúi úr fyrsta bekk hafði haft samband við Sigrúnu og farið yfir starfið í vetur og ætlaði Sigrún að skrá upplýsingarnar.

Samþykkt var að stefna að fyrsta fundi eftir sumarfrí á bilinu 22 til 25 ágúst.

Sigrún tók að sér að biðja Ester að athuga með skólahreysti tækin sem eru í pöntun.

Ekki fleira bókað.

Stjórnarfundur FOKS haldinn í Síðuskóla, 28. apríl 2011.

Mættir voru: Sigrún Ingibjörg Jóhannsdóttir, Anna Sigrún Rafnsdóttir, Bára Waag Rúnarsdóttir, Grímur Laxdal og Bragi Finnbogason.

Sigrún hóf fundinn á að segja fundarmönnum frá hugmyndum um að gera skjöld til minningar um Kristínu Ísfeld sem lést 22 apríl, hún var móðir nemenda í sjöunda og tíundabekk skólans. Rætt hefur verið um að grafa nafn Kristínar fæðingardag dánardægur og að skjöldurinn sé frá nemendum og foreldrum Síðuskóla. Voru allir fundarmenn samála þessu.

Því næst var rætt um skipulag vorhátíðarinnar Sigrún fór yfir skipulagið sem hún sendi stjórnarmönnum áðan. Skipulagið gerir ráð fyrir að núverandi 1. bekkingar taki á móti verðandi 1. bekkingum klukkan 13.00. Færa þeim gjöf frá foreldrafélaginu og börnunum sjálfum. Sýna nýnemum stofuna sem þau verða í eftir það býðst verðandi 1. bekkingum að fara í andlitsmálun. Þau fá forgang þangað og verða búin áður en hátíðin hefst. Bára tók að sér að sinna þessum þætti fyrir hönd Stjórnar FOKS.

Næsti liður er Dagskrá á sviði sem hefst klukkan 14.00 með því að formaður Foreldra- og kennarafélags Síðuskóla segir nokkur orð, ávarp skólastjóra, nemendur syngja skólasönginn ásamt Runari F sem verður með tónlystar atriði í framhaldinu. Krístrún Jóhannesdóttir nemandi í 7. bekk, les ljóðið. Sigrún Ingibjörg og Anna Sigrún tóku að sér að sinna þessum þætti fyrir hönd Stjórnar FOKS. Þegar atriðunum á sviðinu líkur eru nokkrir liðir sem þurfa að vera tilbúnir.

1. Grill í útigarði sem 7. bekkur sér um Sigrún og Ester sjá um innkaup.
2. Kaffihlaðborð sem 2. 4. og 8. bekkir sjá um Bragi tók að sér að koma skipulaginu sem rætt var á síðasta fundi á framfæri og láta færa borð til samræmis við það.
3. Tombóla sem 3. 6. og 9 bekkir sjá um Sigrún ætlar að biðja Hugrónu að sjá um þátt.
4. Hoppu kastalinn þarf að koma úr Reykjavík og útvegaði Anna Sigrún far fyrir hann og tók að sér að hringja í skátana til að leigja kastalann að öðru leiti tók Grímur að sér að sinna þessu verkefni.
5. Sýningar í stofum Anna Sigrún hefur verið að vinna í þeim þætti og heldur því áfram.
6. Andlitsmálun Anna Sigrún tók að sér að athuga með efnin og skipulagningu. 9 bekkur sér um að mála og fær í ferðasjóð fyrir 10. bekk.
7. Tiltekt og frágangur sem 7. bekkur sér um ásamt foreldrafulltrúm og stjórn.

Sigrún tók að sér að hafa samband við Ester og fara yfir innkaup og fjármál fyrir hátíðina.

Ekki fleira bókað.

Fundur stjórnar FOKS með bekkjarfulltrúum

haldinn í Síðuskóla, 24. mars 2011.

Mættir voru: Sigrún Ingibjörg Jóhannsdóttir, Anna Sigrún Rafnsdóttir, Ester Guðbjörnsdóttir, Hugrún Jónsdóttir, Bára Waag Rúnarsdóttir, Grímur Laxdal, Bragi Finnbogason og 12 bekkjarfulltrúar.

Málefni fundarins er skipulag vorhátíðar sem verður sunnudaginn 8. maí:

Sigrún fór yfir hugmyndir að skipulagi sem eru byggðar á skipulagi fyrri vorhátíða.

Sigrún sagði að fundurinn áðan með bekkjarfulltrúunum hefði verið góður undirbúningur fyrir vorhátíðina, við eigum hinsvegar eftir að ákveða með upphífinga tækin sem við höfum rætt um áður og skoðað á netinu. Fundarmenn eru sammála um að fela Ester að panta sett af upphífingartækjum.

1. Skipulagið gerir ráð fyrir að núverandi 1. bekkingar taki á móti verðandi 1. bekkjum. Færa þeim gjöf frá foreldrafélaginu og börnunum sjálfum. Síðan sýna 1. bekkingar nýnemum stofuna sem þau verða í.
2. Umsjón með kaffihlaðborði, 2. 4. og 8. bekkur. Þetta er með stærri verkefnum hátíðarinnar og krefst nokkurs skipulags. Ef ekki er búið að skipta niður á verkefni er gott að einn á hverri vakt sé kosinn "stjórinn" og sjái um að allir hafi hlutverk. Það þarf að mæta kl. 12:30 til að byrja að stilla upp borðum og taka á móti brauði á hlaðborðið. Skipta niður á vaktir og deila út verkefnum. Verkefnin eru í stuttumáli undirbúningur á sal, uppvask, hita kaffi, taka af borðum, bæta á hlaðborðið og taka tóma tertudiska, taka við greiðslum (einn á hverri vakt ber ábyrgð á peningakassanum) og síðasta vaktin sér um frágang. Sú vakt ætti að byrja kl. 16:00.
3. Umsjón með tombólu 3. 6. og 9. bekkur. Þetta er með stærri verkefnum hátíðarinnar og krefst nokkurs skipulags. Hér þarf góðan verkstjóra. Verkefnið felst í að mæta kvöldið áður til að raða upp borðum og merkja hlutina. ATH. Hér skiptir máli að vera með gott skipulag. Það borgar sig ekki að reyna að stytta sér leið og byrja á mörgum

stöðum. Það hefur reynslan kennt okkur. Best er að velja stjórnanda og skipta niður á vaktir og deila út verkefnum. Einn hópur mætir kvöldið áður og svo eru vaktir á hátíðinni. Tvo þarf til að selja miða. Nokkra þarf til að afgreiða, ekki færri en sex. Hér geta eldri krakkarnir tekið þátt. Áætlað er að salan hefjist kl. 14:30 og lýkur þegar miðarnir eru búnir. Það er yfirleitt nokkuð áður en hátíðinni lýkur. Gott er að biðja foreldrana að fara í fyrirtæki og ath. með vinninga.

4. Umsjón með að grilla pylsur í innigarði hefur 7. Bekkur. Þetta verkefni snýst um að grilla pylsur ofan í svanga hátíðargesti. Foreldrafélagið sér um að kaupa pylsur, brauð, sósur og steiktan lauk. Einnig verða einnota hanskar keyptir. Verkefnið er að stilla upp borðum og grilli. Byrjað er að grilla kl. 14:30 og er grillað til kl. 16:00. Gott er að skipta niður á vaktir fyrirfram. Það þarf a.m.k 3-4 á hverja vakt. Einn á hverri vakt ber ábyrgð á því að taka við peningum og fylgjast með peningakassa og skila peningum til gjaldkera. Síðasta vaktin sér um frágang og skila svæðinu hreinu.

5. Umsjón með tiltekt á göngum skólans og lóð eftir hátíðina hefur 5. bekkur haft. Þetta verkefni felst í því að leggja lokahönd á frágang eftir vorhátíð. Allar aðrar stöðvar eiga að sjá um að ganga frá sínu svæði en gætu þurft aðstoð frá ykkur. Gott er að skipta með sér liði. Það er hægt að gera fyrirfram ef þið viljið. Það þarf að. Hittast við inngang íþróttahúss/matsals kl. 16:00. Fara á alla ganga, A, B, C og D, og tína upp rusl. Ganga í kringum skólann og tína upp rusl á skólalóðinni. Hjálpa til við frágang á öðrum stöðvum ef á þarf að halda.

6. Sýningar á verkum nemenda í stofum og mönnun vakta í því sambandi.

7. Dagskrá á sviðinu hefur hafist klukkan 14.00 með því að formaður Foreldra- og kennarafélags Síðuskóla segir nokkur orð. Síðan hefur verið ávarp skólastjóra og nemendur syngja skólasönginn.

Þó nokkrar umræður urðu um þessa liði.

Samstaða var um fyrsta liðinn og rætt um að sennilega væri best ef tilvonand fyrstu bekkingar ættu kost á andlitsmálun í beinu framhaldi af kynningu á kennslustofunni.

Kaffihlaðborðið var flóknara, rætt var hvort ekki væri rétt að skipta niður bakstri num stjórnar menn töldu að skipting eftir skólastigum væri góð enn rétt væri að bekkjarfulltrúar þeirra bekja sem sæu um kaffið réðu þessu. Töluverðar umræður urðu um staðsetningu hlaðborðsins og varð niðurstaðan sú að hafa það fyrir framan inngangin í eldhúsið ekki var full samstaða um hvar ætti að selja inn og stjórnin ætlaði að skoða þá kosti sem í boði eru. Kaffið og svalinn þurfa líka að taka mið af afgreiðslu borðinu.

Tombólu umræðurnar snérust að allega um skipulag og gæði vinninga lauk þeim með að Sigrún tók að sér að senda póst á foreldra þar sem óskað væri eftir vinningum.

Sjöundu bekkjarfulltrúar spurðu úti vaktaskipulag og innkaup. Sigrún sagði að Ester og eða einhver úr stjórninni sæu um innkaupin varðandi vaktirnar hefðu foreldrar skipulagt það sjálfir.

Tiltektar umræður voru ekki mjög fyrirferðar miklar ef þeir sem eru með hlaðborð, grill og tombólu skila aðstöðunni á sínum svæðum snyrtilegum þá er tiltektin ekki erfið. Aðal frágangurinn hefur falist í að koma gryfju og borðsal aftur í sitt horf.

Hluti atriðanna á sviðinu eru hefðbundin hins vegar var stungið upp á að fá Rúnar F. Hugmyndir um fleiri tónlistaratriði, Einar Einstaka eða upplestur. Sigrún fer yfir að í fyrra hafi atriðin á sviðinu tekið frekar langan tíma og hugmyndin að kannski sé rétt að þessi atriði taki aðeins um hálf tíma. Þannig að aðrir liðir hefjist ekki fyrr en 14.30.

Hugmynd kom líka upp um að hafa hesta eins og í fyrra. Spurning um eitthvað sport hugmyndir til dæmis mótorkross kynningu . Tillaga um hoppukastala og óskuðu bekkjarfulltrúar eftir betra skipulagi og öryggisgæslu ef hann yrði.

Ekki fleira bókað.

Stjórnarfundur FOKS haldinn í Síðuskóla, 1. febrúar 2011.

Mættir voru: Sigrún Ingibjörg Jóhannsdóttir, Bára Waag Rúnarsdóttir, Grímur Laxdal og Bragi Finnbogason.

Sigrún hóf fundinn með að skýra frá því að tíminn sem við hefðum haft fyrir bekki skólans í Íþróttahúsinu yrði framvegis nýttur af öðrum vegna lítils áhuga.

Því næst var rætt um hugmyndabanka fyrir bekkjarfulltrúa (eitthvað skemmtilegt fyrir bekki að gera saman til að auka samstöðu) rétt væri að fara að kalla eftir hugmyndum hjá bekkjarfulltrúum og síðan koma svona upplýsingum á heimasíðu skólans.

Sigrún spurði hvort fundarmenn væru búnir að mynda sér skoðun á hvort rétt væri að kaupa þjálfunartæki sem notuð eru við upphíftingar í Skólahreysti voru allir sammála því að kaupa tækin og óska eftir því við Ester að hún pantaði eitt sett.

Sigrún skýrði frá því að SAMTAKA stefndi að málþingi fljótlega um Íþróttaskólann hugmyndin væri að erindi flyttu Viðar Sigurjónsson, Gunnar Svanbergsson og Nói Björnsson.

Varðandi næsta fund er hann fyrsti undirbúningsfundur fyrir Vorhátíð sem er 8. maí, fundarmenn voru sammála um að nauðsinlegt væri að boða Önnu Sigrúnu Rafnsdóttur og að rétt væri að fá hennar álit á því hvort þurfi að boða líka einhvern af stjórnendum skólans.

Ekki fleira bókað.

Stjórnarfundur FOKS haldinn í Síðuskóla, 7. desember 2010.

Mættir voru: Sigrún Ingibjörg Jóhannsdóttir, Huguín Jónsdóttir, Bára Waag Rúnarsdóttir, Grímur Laxdal, Ester Guðbjörnsdóttir og Bragi Finnbogason.

Sigrún hóf fundinn með upplýsingum frá síðasta fundi SAMTAKA þar hafði Viðar Sigurjónsson, starfsmaður ÍSÍ, komið og kynnt hugmyndir að íþróttaskóla sem stuðlaði að samfelldari skóladegi nemenda. Hugmyndin snýst aðallega um að kynna fyrir nemendum sem flestar íþróttagreinir þannig að þeir eigi auðveldara með að skipta um íþróttagrein ef þeir finna sig ekki lengur í þeirri grein sem þeir völdu fyrst. Einnig ættu nemendur auðveldara með að byrja að æfa á unglingsaldri vegna þess að þá byggju þeir yfir grunnþekkingu á flestum íþróttum og gætu tekið upplýsta ákvörðun um íþróttagrein.

Næsta umræðuefni var fyrirspurn íþróttakennara um styrk til kaupa á upphífgangatæki. Stjórnin er jákvæð varðandi þetta málefni en skortir enn nánari upplýsingar um tækin, fjölda og notagildi - spurning hvort Anna Sigrún geti fengið nánari upplýsingar hjá íþróttakennurunum til dæmis um netsíður þar sem sjá má svona tæki.

Nokkrar umræður voru um jólakortagerðarkvöldið 25. nóvember. Menn voru sammála um að það hefði tekist vel en komið hefði í ljós að svona kvöld þarfnast meiri undirbúnings og sennilega væri rétt að skipta nemendum eftir aldri við slík tilefni.

Rætt var um fulltrúa í skólaráð og tók Ester að sér að mæta á næsta fund. Sigrún benti á að við ættum líka autt sæti hjá SAMTAKA var það aðeins rætt en engin niðurstaða.

Á síðasta fundi SAMTAKA kom fram að foreldrafélög í Hafnarfirði væru að berjast fyrir því að samkomur fyrir börn og unglunga væru ekki haldnar á stöðum sem hefðu vínveitingaleyfi. Var þetta rætt fram og aftur, margir töldu að aðalatriðið væri að samkomuhaldararnir þyrftu að vera traustir, minnt var á umræðurnar sem urðu síðastliðið vor. Fundarmenn töldu rétt að forvarnarfulltrúi kæmi að þessari umræðu.

Ekki fleira bókað.

Stjórnarfundur FOKS haldinn í Síðuskóla, 2. nóvember 2010.

Mættir voru: Sigrún Ingibjörg Jóhannsdóttir, Anna Sigrún Rafnsdóttir, Grímur Laxdal og Bragi Finnbogason.

Sigrún hóf fundinn með upprifjun á þeim málefnum sem þyrfti að ræða. Það þyrfti að senda bréf til bekkjarfulltrúa vegna fundar með þeim. Ekki er alveg ljóst í öllum bekkjum hverjir eru bekkjarfulltrúar og ætlar Anna Sigrún að kanna það betur. Nokkrar umræður urðu um verksvið bekkjarfulltrúa. Anna Sigrún talaði um að hafa á heimasíðunni foreldramöppu með hugmyndum fyrir bekkjarfulltrúa um ýmislegt skemmtilegt sem bekkir gætu gert. Einnig var rætt um hvort stafrófsraðarreglan við val bekkjarfulltrúa væri notuð eða kosningar. Sennilega sé réttast að gera könnun meðal kennara skólans um hvaða aðferðir séu notaðar. Fundarmenn voru sammála um að fólk þyrfti að taka þátt í þessu starfi af áhuga ekki væri skynsamlegt að neyða neinn í þessi störf. Ákveðið að boða til fundar með bekkjarfulltrúum 9. nóvember klukkan 18.00.

Síðan síðasti fundur var haldinn hafði Sigrún farið á fund hjá Heimili og Skóla. Þar hafði komið fram að þau samtök eru mótfallin því fyrirkomulagi sem við höfum viðhaft að kennari í skólanum sé í stjórn foreldrafélagsins. Sigrún hafði bent á þá augljósu kosti sem felist í því að hafa stjórnarmann í foreldrafélaginu starfandi í skólanum, til dæmis hvað það auðveldi öll samskipti, boðleiðir séu greiðar og vitneskja um stöðu mála í skólastarfinu frá fyrstu hendi flýti fyrir afgreiðslu hjá félaginu. Rök Heimilis og Skóla eru aðallega þau að hagsmunaaðrekstrar geti orðið og foreldrar veigri sér við að bjóða sig fram til starfa í foreldrafélögum þegar kennarar séu í framboði. Hugmynd kom fram um að okkar aðlögun gæti falist í því að í stjórn foreldrafélagsins verði fimm einstaklingar sem séu foreldrar, einn áheyrnarfulltrúi kennara og einn áheyrnarfulltrúi stjórnenda. Þannig að núverandi fulltrúi kennara sem er líka foreldri nemandar í skólanum færðist yfir í að vera áheyrnarfulltrúi.

Á fundinum hafði líka komið fram að könnun á gæðum skólastarfs sé í boði hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu ef óskað er eftir.

Síðan á síðasta fundi hafði Sigrún líka farið á fund hjá SAMTAKA. Þar höfðu verið kynnt drög að 150. m.kr. niðurskurði í grunnskólum bæjarins. Að sögn er búið að finna leiðir til að skera 141-142 m.kr. en leiða leitað varðandi afganginn. Í þessum tillögum eru meðal annars hugmyndir um sameiginlegt mötuneyti fyrir alla skólana, spurning hvort stjórn FOKS ætti að

halda fund með stjórnendum skólans og fulltrúa úr mötuneytinu til að fá frekari upplýsingar um þessar hugmyndir og hvernig menn hugsa framkvæmdina.

Anna Sigrún benti á að ósamræmi sé í upplýsingum FOKS á heimasíðu og þurfi að laga það.

Ekki fleira bókað.

Stjórnarfundur FOKS

haldinn í Síðuskóla 15.09.2010

Mættir voru: Sigrún Ingibjörg Jóhannsdóttir, Anna Sigrún Rafnsdóttir, Ester Guðbjörnsdóttir, Hugrún Jónsdóttir, Báru Rúnarsdóttur, Grímur Laxdal og Bragi Finnbogason.

Sigrún hóf fundinn með upprifjun á þeim málefnum sem þyrfti að ræða. Það þyrfti að gera drög að bréfi til foreldra sem fjallaði um starf FOKS á síðasta skólaári.

Ester, Sigrún og Hugrún tóku að sér að gera drög að bréfinu og stjórnar menn fjölluðu um bréfið á netinu.

Ester hóf máls á því að félagið þyrfti að leitast við að draga úr kostnaði. Í þessu sambandi segir hún að auglýsingin í Dagskránni vegna aðalfundar FOKS fundurinn væri auglýstur með dreifibréfi og auglýsingu í útvarpi. Fundarmenn voru sammála um að dreifibréf ásamt auglýsingu í einum opinberu miðli. Lög félagsins voru skoðuð í þessu sambandi þar var ekkert sem hindraði að fara þessa leið. Rætt var um fleiri liði í rekstri félagsins en lang flestir þeirra eru beinn stuðningur við það sem nemendur eru að gera eða önnur brýn hagsmuna mál nemenda og var stjórnin sammála um að slík verkefni hefðu algeran forgang og væru jú aðal tilgangur félagsins.

dreifði drögum að rekstraryfirliti og var farið yfir það og skráði hún nánari skýringar á ýmsum liðum eftir öðrum fundarmönnum. Ester óskaði eftir að framvegis yrðu fylgiskjöl merkt og merkingarnar skráðar. Ester óskaði einnig eftir því að framvegis séu ávalt tveir eða fleiri við talningu fjármuna þegar rukkað er fyrir eitthvað svo sem vorhátíð. Hún segir að 242 þ. kr. sé til á bók, en sig vanti dagsetningu á talningu fatabirgðanna.

Nokkrar umræður urðu um skólafötin og lauk þeim með því að fundarmenn urðu samála um að þessu fylgdi of mikið umstang og fyrirhöfn til að halda því áfram í núverandi formi.

Atriði vegna aðalfundar:

1. Ákveða þarf hversu hátt árgjaldið á að vera og hvort eigi að rukka það í einu eða tvennu lagi. Stjórnarmenn sammála um að leggja til við aðalfund að gjaldið verði hækkað um 1þ. kr. á heimili. Fundurinn kjósi um hækkunina og hvort eigi að rukka í einu lagi eða skipta greiðslunni í tvennt.
2. Samstaða um að fundartími verði 20.00 til 22.00.
3. Sigrún Ingibjörg lagði til að fá Grétu Kristjánsdóttur með Eineltismyndbandið á aðalfundinn. Leist öðrum fundarmönnum mjög vel á hugmyndina og tók Sigrún Ingibjörg að sér að ræða við Grétu Kristjánsdóttur.
4. Sigríður Ása greindi frá því að íþróttakennarar skólans hefðu verið að spyrja hvort ekki væri hægt að kaupa upphífgataeki fyrir íþróttahús skólans. Töldu stjórnarmenn að rétt væri að skoða hvort foreldrafélagið gæti ekki aðstoðað en upplýsingar um verð skorti þannig að málið fór ekki lengra.
5. Rætt var um hvort halda ætti áfram með laugardagstímana í íþróttahúsinu og var ákveðið að bera þessa spurningu upp við fundarmenn aðalfundar.
6. Sigrún Ingibjörg spurði hvernig staðan væri með skólaráð. Sigríður Ása sagði að það vantaði einn fulltrúa úr grenndarsamfélaginu.
7. Rætt var um að Sigríður Ása og Ólafur B. héldu bæði ræðu á aðalfundinum.

Rætt um styrk til 4. bekkjar vegna Kiðagilsferðar, mistök urðu með styrkgreiðslurnar og tók Sigrún Ingibjörg að sér að ræða við bekkjarfulltrúana til að komast að því hvort peningunum hefði verið eytt í ferðirnar eða þeir væru enn í vörslu viðkomandi bekkjarfulltrúa.

Rætt um nauðsyn þess að setja inn á heimasíðu skólans hvað félagið hefur gert á starfsárinu.

Stjórnarmenn FOKS óskuðu eftir því við skólastjórnendur að þeir fari þess á leit við undirmenn sína að heill dagur líði frá því að tilkynnt er um atburð, breytingu á fyrirkomulagi eða annað slík, þar til ákvörðunin tekur gildi eða atburðurinn á sér stað. Margir foreldrar nota netfangið sitt í vinnuni og vinna aðeins fram að hádegi, þannig að tilkynning um einhvern atburð í skólanum berst of seint ef hún kemur ekki fyrir en klukkan fjórtán, svo dæmi sé tekið.

Ekki fleira bókað.

Aðalfundur FOKS

haldinn í Síðuskóla 09.09.2010

Mættir voru úr stjórn FOKS: Sigrún Ingibjörg Jóhannsdóttir, Anna Sigrún Rafnsdóttir, Ester Guðbjörnsdóttir, Hugrún Jónsdóttir, Eva Dögg Sigurðardóttir, Grímur Laxdal og Bragi Finnbogason. Stjórnendur skólans: Ólafur B. Thoroddsen og Sigríður Ása Harðardóttir og 22 foreldrar.

Stjórn félagsins var með þá tillögu að Elías Gíslason yrði fundarstjóri og var það samþykkt.

Fundarstjóri fór yfir dagskrá fundarins sem var á þessa leið:

- Ávarp aðstoðarskólastjóra.
- Ávarp skólastjóra.
- Skýrsla stjórnar.
- Afgreiðsla reikninga.
- Kosning (í stjórn vantaði einn).
- Önnur mál.
- Kaffi og veitingar.

- Gréta Kristjánsdóttir forvarnarf. sýnir myndband um einelti og svarar spurningum.

Að svo búnu fékk aðstoðarskólastjóri orðið, en hún gegndi starfi skólastjóra á síðasta skólaári vegna þess að Ólafur var í námsleyfi. Sigríður Ása þakkaði foreldrum og stjórn FOKS fyrir ánægjulegt samstarf á síðasta skólaári.

Því næst tók Ólafur B. til máls og bauð fundarmenn velkomna, ræddi um námsleyfi sitt og útskýrði að hann hefði verið að læra meira um stjórnun sem nýtist beint við stjórnun skólans. Ólafur sagði að fjögur ár væru liðin frá því að Síðuskóli tók upp SMT skólafærni og hafi ýmislegt breyst á þeim tíma. Núna séu allir virkir kennarar, starfsfólk og nemendur í að vinna í anda einkunnarorða skólans, ábyrgð - virðing - vinátta.

Ólafur minnti á að skólinn væri 26 ára og umhverfissskóli, einnig sagði hann frá því að Hafdís Kristjánsdóttir væri á leiðinni til Möltu til að fræða þarlenda um SMT og fleira í skólastarfinu hér, þetta væri dæmi um fræðslu til annara skóla og vinnu við þróun skólastarfs.

Ólafur fjallaði um byrjendalæsi, verkefni sem Síðuskóli væri að vinna að í samstarfi við Háskólann á Akureyri, einnig séu valgreinar í efri bekkjunum fleiri en í skólunum í kring og minntist á Kómeníus sem er verkefnavinna nemenda í samstarfi við nemendur í öðrum löndum. Allt þetta sé hægt vegna hins góða starfsfólks sem vinni við skólann.

Hins vegar sé ekki allt gott á öllum sviðum og nefndi Ólafur í því sambandi að líðan nemendanna í skólanum mætti batna og sé það verkefni sem huga þurfi stöðugt að og mikilvægi góðs samstarfs skóla og foreldra sé kannski hvergi brýnna og gæði þessa samstarfs sé oftar en ekki lykillinn að menntun nemenda. Ólafur spurði hvað væri menntaður maður,

vitnaði í Guðmund Finnbogason og benti á að fálki fái kennslu í að vera fálki og menn þurfi að fá kennslu í að vera menn, það er læra mennsku.

Fundarstjóri þakkaði Ólafi og gaf formanni FOKS orðið til að flytja skýrslu stjórnar.

Sigrún formaður hóf mál sitt á að bjóða fundarmenn velkomna á aðalfund. Stjórnin fundaði einu sinni í mánuði á starfsárinu, þetta voru 12 fundir og þar af 1 með bekkjarfulltrúum.

Veturinn var frekar hefðbundinn. Félagið styrkti alla bekki og sérdeildina um 5.000 kr. og 4.,

5. og 10. bekk vegna ferðalaga. 4. bekkur fór í Kiðagil. 5. bekkur fékk styrk til að fara í

Mývatnssveit. 7. bekkur fór að Reykjum í Hrútafirði. Í byrjun júní bauð 10. bekkur kennurum

og starfsfólki skólans í morgunkaffi. Farið var í leiki og allir skemmtu sér mjög vel. Var þetta

vel heppnuð samkoma. Þetta er orðin hefð hjá 10. bekk að kveðja starfsfólkið með þessum

hætti. Þetta hefur þróast úr því að börnin fóru um bæinn eldsnemma á laugardagsmorgni og

vöktu kennara sína og buðu þeim svo í kaffi upp í skóla, yfir í að þau taka á móti þeim

einhvern af síðustu skóladögum og allir skemmta sér saman í leikjum og sprelli. Félagið var

með fyrirlestur frá Stoðkennaranum. Það var einn af stofnendum Stoðkennarans, Starkaður

Barkarson, sem kom til okkar og var með kynningu fyrir foreldra elstu bekkinga. Mjög

áhugaverð kynning og sýnir að möguleikar til kennslu eru nánast ótakmarkaðir. Alltaf eru að

koma fram nýjar kennsluáferðir eða stuðningur við kennslu, sem bæði auðvelda kennurum

og nemendum yfirferðina á námsefninu. Að maður tali ekki um aðkomu foreldra en hjá

Stoðkennaranum hefur foreldrið aðgang að t.d. einkunnum og frammistöðu barnsins. Annar

fyrirlestur var í boði í bænum. Reyndar ekki á vegum þessa foreldrafélags heldur á vegum

SAMTAKA, sem er Svæðisráð foreldra nemenda í grunnskólum Akureyrar. Í SAMTAKA eru

fulltrúar foreldrafélaga og skólaráða allra grunnskóla á Akureyri. Þessi fyrirlestur snérist um

tölvunotkun barna og ungmenna. Miklar og góðar umræður urðu á þeim fyrirlestri. Nokkur

mjög góð en stutt erindi voru flutt, þar sem til máls tóku sálfræðingar, sjúkrapjálfi, lektorar

við HA, foreldri og forvarnarfulltrúi. Eins og flestum er kunnugt lést Stefán Már Harðarson,

nemandi í 8. bekk á síðasta skólaári. Foreldrafélagið ákvað að kaupa gjöf til minningar um

Stefán til að gefa skólanum. Fyrir valinu varð veglegt tafl. Eða réttara sagt töfl. Því keypt voru

þrjú töfl sem félagið vonast til að nýtist skólanum um komandi ár. Minningargjöfin var afhent

á vorhátíðinni. Þess má geta að töflin eru varðveitt á bókasafni skólans undir vökulu auga

Guðrúnar bókasafnar en eru að sjálfsögðu til afnota fyrir alla nemendur skólans. Vorhátíðin

heppnaðist mjög vel. Þó má alltaf gera betur og hvetjum við foreldra til að koma með

athugasemdir um það sem betur kann að mega fara. Nokkrir fastir liðir voru á vorhátíðinni.

Kaffihlaðborð þar sem veisluborðið svignaði undan kræsingunum og grillaðar pylsur því í

góðu veðri er alveg ómissandi að skella sér út í innigarðinn og fá sér eina með öllu. Tombólan

var að sjálfsögðu á sínum stað og alltaf jafn vinsæl. Andlitsmálun er nauðsynleg á svona hátíðum, a.m.k. fyrir yngstu kynslóðina. Nauðsynlegt þótti að hafa sýningu nemenda í stofunum því lítið er á vorhátíðina sem nokkurs konar uppskeruhátíð þar sem foreldrar geta komið og séð hverju börnin hafa verið að vinna að í skólanum. Tilvonandi 1. bekkingar fengu bol sem á stendur “Ég er að fara í Síðuskóla”. Það var stanslaus dagskrá á sviðinu, tónlistaratriði frá nemendum skólans, Einar einstaki sýndi einstök töfrabrogð, Berglind Pétursdóttir í 7. bekk las ljóð en hún hlaut viðurkenningu í stóru upplestarkeppninni. Nemendur í yngstu bekkjum skólans sungu skólasönginn. Úti var hoppukastali og hestar.

Þetta var heljarinnar hátíð og stjórn félagsins fannst hún heppnast mjög vel. Fyrir hönd stjórnar þakkaði Sigrún foreldrum fyrir aðstoð á vorhátíðinni, fyrir ýmsa aðstoð í vetur og fyrir komuna á aðalfundinn. Hún þakkaði skólastjórnendum og stjórn foreldrafélagsins fyrir frábært samstarf í vetur og tilkynnti að hún gæfi kost á sér áfram í stöðu formanns foreldrafélagsins.

Fundarstjóri þakkaði formanni fyrir og Ester gjaldkeri tók til máls. Hún fór yfir tekjur og gjöld félagsins. Rekstrar- og efnahagsreikningar eru fylgiskjöl 1 og 2 með fundargerðinni. Spurt var úr sal um skólafatnað í reikningum félagsins. Sigrún útskýrði að félagið hefði keypt flíspeysur og buxur, peysurnar hefðu verið merktar skólanum og foreldrar hefðu getað keypt þessi föt af félaginu. Þetta fyrirkomulag hefði reynst kostnaðarsamt og þungt í vöfum og væri ekki meiningin að halda því áfram í þessari mynd en ennþá væri til smálager sem félagið væri að selja úr.

Fundarstjóri spurði hvort fundarmenn væru reiðubúnir að samþykkja reikninganna með fyrirvara vegna þess að endurskoðendur ættu eftir að fara yfir þá. Voru reikningarnir samþykktir.

Nú var komið að kosningu og þurfti að kjósa einn mann í stjórn vegna þess að Eva Dögg Sigurðardóttir var flutt í annað hverfi og átti ekki lengur barn í skólanum. Sigrún fór yfir hvað fælist í því að vera stjórnarmaður í foreldrafélaginu og benti á að það sem áður hefði komið fram á fundinum lýsti kannski best því sem stjórnarmenn FOKS sinntu. Þetta starf snúist fyrst og fremst um að stuðla að velferð barnanna í Síðuskóla. Sigrún þakkaði Evu Dögg fyrir samstarfið og óskaði henni velfarnaðar. Elías benti á að störf foreldra fyrir foreldrafélagið væru skilaboð til barnanna. Sigrún ræddi um SAMTAKA, samstarfsvettvang foreldrafélaga allra skóla í bænum og ráðamanna þessara mála á vegum bæjarins.

Fundarstjóri ókaði eftir tilnefningum eða hvort einhver sé reiðubúinn að bjóða sig fram til setu í stjórn félagsins og kom út úr því nafn Báru Waag Rúnarsdóttur. Var Bára kosin í stjórn einróma.

Hér var komið að liðnum önnur mál.

Sigrún fjallaði um laugardagstíma í íþróttahúsi skólans sem hafa staðið bekkjum til boða og foreldrafélagið hefur í samráði við bekkjarfulltrúa skipulagt nýtinguna. Spurningin til fundarins var hvort vilji væri til að halda þessu áfram eða gefa þessa tíma frá sér, nýtingin hefur verið mjög misjöfn. Fundurinn ákvað eftir þónokkrar umræður að heppilegast væri að bekkjarfulltrúar og stjórn FOKS tækju þessa ákvörðun þegar þessir aðilar funda næst.

Stjórn lagði til hækkun félagsgjalda. Til að geta stutt enn frekar við bekkina myndum við vilja hækka gjöldin úr kr. 2.000,- í kr. 3.000, á heimili. Um þetta urðu töluverðar umræður. Sem

lauk með því að fundurinn samþykkti að gjaldið yrði óbreytt hjá þeim foreldrum sem ættu eitt barn í skólanum en hækkaði í 3.000 kr. hjá foreldrum sem ættu fleiri en eitt barn í skólanum. Stjórnin óskaði líka eftir afstöðu fundarins til þess hvort rukka ætti gjaldið í einu eða tvennu lagi. Fundarmenn voru sammála um að rétt væri að rukka í einu lagi.

Spurt var um hreyfistrætóverkefnið og sagði Sigrún að það hefði aðallega verið rætt á vegum SAMTAKA og væri verið að tilraunakeyra þetta í öðrum skóla í bænum og við biðum eins og á hliðarlínunni eftir niðurstöðum úr því.

Töluverðar umræður urðu um hjálmanotkun barna í hverfinu það er stöðugur þrýstingur sérstaklega frá unglíngunum um að engir noti hjálma. Fundarmenn voru sammála um að samstaða í þessu öryggismáli væri nauðsynleg og ekki mætti hvika frá reglum um hjálmanotkun.

Þegar hér var komið sögu spurði fundarstjóri hvort þyrfti að ræða fleiri mál ekkert svar kom strax þannig að kaffihléið var tekið.

Eftir kaffið kynnti Gréta Kristjánsdóttir forvarnar fulltrúi Akureyrar myndband um einelti sem hún hafði verið beðin um að koma með og sýna. Síðan sýndi hún myndbandið sem er reynslusaga konu sem lenti í einelti í skóla. Eftir sýninguna voru fundarmenn nokkuð slegnir en Gréta fór aðeins yfir þessi mál og það kom af stað töluverðum umræðum.

Þegar þeim lauk sleit fundarstjóri fundi.

Stjórnarfundur FOKS haldinn í Síðuskóla

24.08.2010

Mættir voru: Ólafur B. Thoroddsen, Sigríður Ása Harðardóttir, Sigrún Ingibjörg Jóhannsdóttir, Ester Guðbjörnsdóttir, Hugrún Jónsdóttir, Eva Dögg Sigurðardóttir, Grímur Laxdal og Bragi Finnbogason.

Sigrún hóf fundinn með upprifjun á þeim málefnum sem þyrfti að ræða. Það þyrfti að gera drög að skipulagi aðalfundar og halda áfram viðræðum útaf Stoðkennaranum.

Sigríður Ása sagði að inneign skólans vegna námsgagna nægði ef til vill ekki ef keyptur yrði aðgangur fyrir marga að Stoðkennaranum og hún hefði aðeins verið búin að minnast á þetta við Ólaf en þau væru ekki búin að ákveða hvort óskað yrði eftir kynningu á kerfinu á starfstíma kennaranna. Nokkrar umræður urðu um Stoðkennarann en engin niðurstaða.

Ester dreifði drögum að rekstraryfirliti og var farið yfir það og skráði hún nánari skýringar á ýmsum liðum eftir öðrum fundarmönnum. Ester óskaði eftir að framvegis yrðu fylgiskjöl merkt og merkingarnar skráðar. Ester óskaði einnig eftir því að framvegis séu ávalt tveir eða

fleiri við talningu fjármuna þegar rukkað er fyrir eitthvað svo sem vorhátíð. Hún segir að 242 þ. kr. sé til á bók, en sig vanti dagsetningu á talningu fatabirgðanna.

Nokkrar umræður urðu um skólafötin og lauk þeim með því að fundarmenn urðu samála um að þessu fylgdi of mikið umstang og fyrirhöfn til að halda því áfram í núverandi formi.

Atriði vegna aðalfundar:

8. Ákveða þarf hversu hátt árgjaldið á að vera og hvort eigi að rukka það í einu eða tvennu lagi. Stjórnarmenn sammála um að leggja til við aðalfund að gjaldið verði hækkað um 1þ. kr. á heimili. Fundurinn kjósi um hækkunina og hvort eigi að rukka í einu lagi eða skipta greiðslunni í tvennt.
9. Samstaða um að fundartími verði 20.00 til 22.00.
10. Sigrún Ingibjörg lagði til að fá Grétu Kristjánsdóttur með Eineltismyndbandið á aðalfundinn. Leist öðrum fundarmönnum mjög vel á hugmyndina og tók Sigrún Ingibjörg að sér að ræða við Grétu Kristjánsdóttur.
11. Sigríður Ása greindi frá því að íþróttakennarar skólans hefðu verið að spyrja hvort ekki væri hægt að kaupa upphífgangtæki fyrir íþróttahús skólans. Töldu stjórnarmenn að rétt væri að skoða hvort foreldrafélagið gæti ekki aðstoðað en upplýsingar um verð skorti þannig að málið fór ekki lengra.
12. Rætt var um hvort halda ætti áfram með laugardagstímana í íþróttahúsinu og var ákveðið að bera þessa spurningu upp við fundarmenn aðalfundar.
13. Sigrún Ingibjörg spurði hvernig staðan væri með skólaráð. Sigríður Ása sagði að það vantaði einn fulltrúa úr grenndarsamfélaginu.
14. Rætt var um að Sigríður Ása og Ólafur B. héldu bæði ræðu á aðalfundinum.

Rætt um styrk til 4. bekkjar vegna Kiðagilsferðar, mistök urðu með styrkgreiðslurnar og tók Sigrún Ingibjörg að sér að ræða við bekkjarfulltrúana til að komast að því hvort peningunum hefði verið eytt í ferðirnar eða þeir væru enn í vörslu viðkomandi bekkjarfulltrúa.

Rætt um nauðsyn þess að setja inn á heimasíðu skólans hvað félagið hefur gert á starfsárinu.

Stjórnarmenn FOKS óskuðu eftir því við skólastjórnendur að þeir fari þess á leit við undirmenn sína að heill dagur líði frá því að tilkynnt er um atburð, breytingu á fyrirkomulagi eða annað slík, þar til ákvörðunin tekur gildi eða atburðurinn á sér stað. Margir foreldrar nota netfangið sitt í vinnuni og vinna aðeins fram að hádegi, þannig að tilkynning um einhvern atburð í skólanum berst of seint ef hún kemur ekki fyrir en klukkan fjórtán, svo dæmi sé tekið.

Ekki fleira bókað.